

1994. – 1064 ár frá stofnun Alþingis.
118. löggjafarþing. – 15. mál.

15. Tillaga til þingsályktunar

um að gera átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Eggert Haukdal,
Steingrímur J. Sigfússon, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Sigbjörn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir að gert verði sérstakt átak við að leggja jarðstrengi í stað loftlína í dreifikerfi á þeim svæðum þar sem mest veðurálag er eða æskilegt er frá umhverfissjónarmiði að þær hverfi. Ríkisstjórnin leggi fram, sem lið í atvinnuátaki, sérstakt fjármagn til þessara framkvæmda.

Greinargerð.

Mjög mikið tjón hefur orðið á raflínum á undanförunum árum og hefur það valdið miklu tjóni, sérstaklega í sveitum og dreifðum byggðakjörnum. Varla þarf að lýsa þeim erfiðleikum og hættum sem viðgerðarmenn hafa búið við og verið samfara viðgerðum við hrikalegar veðurfarsaðstæður.

Þar til fyrir 2–3 árum hefur ekki verið fjárhagslegur grundvöllur fyrir framkvæmdum af þessum toga en samkvæmt upplýsingum Rarik er orðið ódýrara að leggja jarðstreng en reisa nýjar loftlínur.

Jarðstrengir hafa lækkað umtalsvert í verði og er heildarkostnaður um 80–90% af kostnaði við tréstaurlínur.

Rafdreifilínur eru um 7.000 km langar á Íslandi. Mjög víða hagar þannig til að auðvelt er að plægja niður strengi jafnvel þótt jarðvegur sé grýttur og væri þannig auðvelt að koma fyrir jarðstrengjum því að meginhluti lína liggur á þannig svæðum.

Íbúar í sveitum hafa orðið að búa við kulda og ljósleysi vegna rafmagnsleysis allt að 7–8 dögum þegar verstu veður hafa gengið yfir. Mikil tæknivæðing við meðferð mjólkur og gripafóðrun hefur átt sér stað tengd raforku og skapast mikil vandamál einnig af þeim sökum þegar rafmagnsleysi verður eins og kunnugt er. Af þessum ástæðum svo og af fjölmörgum öðrum er eðlilegt að ríkisstjórnin setji fjármagn til þessa verks sem yrði tengt atvinnuátaki sem skilar sér sem trygging fyrir öruggari búsetu á landinu.

Hlutföll milli vinnu og efnis við framkvæmd þá sem hér er um rætt eru: Efni 65–70%, vélavinna 15–20% og mannvinna 10–20%. Í þessari tillögu er miðað við að vinnulaunaþáttur verði fjármagnaður af ríkisfé enda verði verkefnið atvinnuátakstengt.

Oft er rætt um að sjónmengun sé af raflínum og að þær séu lýti á landslagi. Á það er ekki lagður dómur með þessari tillögu en hún kemur þó til móts við sjónarmið þar að lútandi. Fyrst og fremst er verið að hugsa um öryggismál, hagkvæmni og atvinnuaukningu og má benda á að miðað við núverandi vaxtakjör stendur jákvæður mismunur á kostnaði við að leggja rafstreng í jörð undir kostnaði af lántöku vegna framkvæmdanna.

Fylgiskjal.***Rafmagnsveitur ríkisins:*****Uppbygging og endurnýjun rafdreifikerfa til sveita.****1. Rafvæðing til sveita**

Rafvæðing til sveita á Íslandi hófst um 1950 að einhverju marki. Með svonefndri 10 ára áætlun sem gerð var 1954 má segja að í alvöru hafi verið hafist handa um að dreifa raforku um sveitir landsins. Stærsta átakið varðandi byggingu 11 og 19 kV dreifilína var gert frá miðjum 6. áratugnum fram til um 1980 er um 99% allra sveitabýla á landinu höfðu verið tengd við samveitur. Á síðasta áratug hafa nokkur býli verið tengd samveitukerfinu til viðbótar en að auki var allnokkru fé varið til að styrkja kerfið þar sem flutningsgeta var orðin takmörkuð. Frá upphafi var uppbygging á rafdreifikerfum til sveita á Íslandi fjármögnuð með óafturkræfu fé úr ríkissjóði með þeirri undantekningu að ýmsir notendur svo sem vitar, endurvarpsstöðvar og sumarbústaðir hafa kostað álmur og heimtaugar að fullu. Heildarlengd dreifikerfisins er um 6.580 km á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og er áætlaður stofnkostnaður um 8.400 Mkr. á núverandi verðlagi (BV 198) þegar dreifispennar og heimtaugar hafa verið tekin með inn í dæmið.

Með rafdreifikerfi til sveita er í fyrsta lagi átt við 11 og 19 kV dreifikerfi frá aðveitustöðvum út um sveitir og til þéttbýliskjarna með færri en 50 íbúa. Í öðru lagi er um að ræða heimtaugar og spennistöðvar á sömu svæðum með þeirri undantekningu að skipulögð sumarbústaðahverfi flokkast ekki með rafdreifikerfum til sveita.

2. Styrking rafdreifikerfa til sveita m.t.t. raffræðilegra þátta.

Í mars 1979 gaf Orkuráð út áætlun um styrkingu rafdreifikerfa til sveita sem fól í sér styrkingu á flutningsgetu kerfanna m.a. með byggingu nýrra lína og þrífösunar. Var lagt til að á komandi átta árum yrði varið alls um 3.230 Mkr. á núverandi verðlagi þar af um 2.895 Mkr. til styrkingar á dreifikerfum á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins. Orkuráð lagði til að verk þetta yrði fjármagnað með óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði. Í nóvember 1990 gaf Orkuráð út nýja áætlun um styrkingu rafdreifikerfis til sveita. Þá hafði verið veitt alls um 1.150 til þessa verkefnis frá 1979 eða liðlega þriðjungur þess er Orkuráð lagði til í mars 1979. Hinar nýju tillögur Orkuráðs ná sem fyrr eingöngu til aðgerða til að auka flutningagetuna auk þess sem gerð er tillaga um að minnka umfang jarðreksturs í dreifikerfunum. Alls hljóða tillögur Orkuráð upp á um 1.220 Mkr. á núverandi verðlagi eða um 860 Mkr. lægri upphæð en eftir stóð af verkum fyrri áætlunar. Af þessum 1.220 Mkr. er áætlað að þurfi um 1.040 Mkr. til styrkingar á dreifikerfum Rafmagnsveitna ríkisins þar af um 980 Mkr. til aðkallandi verkefna sem Orkuráð leggur til í sínum tillögum að unnin verði á sjö árum.

Á árinu 1991 fengu Rafmagnsveitur ríkisins um 34 Mkr. til styrkingar dreifikerfanna, á árunum 1992 og 1993 16 Mkr. hvort ár og í ár 15 Mkr. allt á núverandi verðlagi. Í dag er staðan því þannig, að um 900 Mkr. vantar á næstu

árum til að sinna brýnum verkefnum varðandi styrkingu dreifikerfa til sveita á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitnanna. Lækkandi framlög úr ríkissjóði hin síðari ár til styrkingar dreifikerfanna valda efasemdum um að unnt verði að koma þeim í það ástand sem nauðsynlegt er til þess að þau séu rekstrarhæf og að hægt verði að afhenda notendum til sveita raforku með viðunandi gæðum.

3. Endurnýjun dreifikerfa til sveita

Rafmagnsveitur ríkisins hafa ítrekað bent stjórnvöldum á það, að hlutverk þeirra varðandi dreifikerfi til sveita er að annast rekstur, viðhald og eftirlit á þeim orkuveitusvæðum sínum út eðlilegan líftíma kerfanna og að öðru máli gegndi varðandi endurnýjun þeirra. Hjá Rafmagnsveitunum er verið að vinna við það, að meta ástand og styrkleika dreifikerfanna. Með því móti verður hægt að skilgreina meðalendingartíma kerfanna og raða framkvæmdum vegna endurnýjunar upp í forgangsörð.

Á það hefur verið bent, að ekki er hægt að gera ráð fyrir að dreifikerfin endist miklu lengur en í 30-40 ár. Þar til niðurstöður liggja fyrir úr áðurnefndi athugun er aðeins hægt að áætla í grófum dráttum hversu mikið fjármagn þarf til endurnýjunarinnar á komandi árum. Ef t.d. er tekið mið af því hvernig staðið er að endurnýjun dreifikerfanna í Noregi þá er verið árlega 2% af stofnverði kerfanna til endurnýjunar eða með öðrum orðum að kerfishlutar eru endurnýjaðir að meðaltali á 50 ára fresti. Ef þessari reglu er beitt á kerfi Rafmagnsveitnanna er ljóst að upp úr aldamótum eða ca. 2005 þarf árlega að verja a.m.k. 168 Mkr. til að endurnýja dreifikerfi til sveita. Þar sem dreifikerfi á útsettum stöðum ganga mun fyrir úr sér heldur en kerfi á veðursælli stöðum er ljóst, að þegar er komið að því í dag að verja þarf árlega tugum milljóna í þessu skyni.

4. Samantekt og niðurstöður

Á undanföllum fjórum áratugum hefur verið varið um 8.400 Mkr. á verðlagi í dag til uppbyggingar á dreifikerfum til sveita á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins. Hafa þessar framkvæmdir verið fjármagnaðar með óafturkræfu fé úr ríkissjóði.

Til þess að dreifikerfi til sveita geti talist rekstrarhæf og til þess að unnt sé að afhenda raforku til notenda í sveitum landsins með viðunandi gæðum þarf á næstu árum að verja um 900 Mkr. til viðbótar til styrkingar á þeim. Hér er fyrst og fremst um að ræða aðgerðir til að auka flutningsgetu kerfanna og minnka umfang jarðreksturs. Ef gert er ráð fyrir að ljúka umræddri styrkingu á næstu 7 árum þarf árlega tæplega 140 Mkr. til þessa verkefnis.


Framundan er síðan endurnýjun á dreifikerfunum, en ljóst er að á útsettum stöðum er komið að því að endurnýja þarf kerfishluta sem eru orðnir úr sér gengnir vegna tæringar, áraunar og slits. Til þessa verkefnis hafa Rafmagnsveitur ríkisins varið 164 Mkr. á undanföllum þremur árum til viðbótar við almennt viðhald. Upp úr næstu aldamótum má gera ráð fyrir að verja þurfi árlega a.m.k. 168 Mkr. í þessu skyni.

Sveitaveitur RARIK.

Fjárfesting og fjárfestingarþörf.

Verðlag 1994 (BV=200).

Nývirði (Mkr.)



Endurmat eigna
 Framkv. Orkusj.
 Framkv. Rarik
 Styrking
 Endurnýjun